

Hringferð útskriftarnema 2007



Nemar í Leiðsöguskóla Íslands vorið 2007 við flikruberg í Berufirði

Liður í námi leiðsögumanna við Leiðsöguskóla Íslands er að fara hringferð um landið í lok námsins. Tilgangurinn er m.a. að kynna nemendum landið enn betur eftir að hafa farið yfir það í kennslustundum og að gefa þeim tækifæri til að þjálfa sig við raunverulegar aðstæður. Í vaxandi mæli hafa staðkunnugir heimamenn verið fengnir til að kynna sín svæði fyrir hópnum og ferðin þannig gerð fróðlegri og líflegri. Ekki hefur í ferðum þessum brugðist að móttökur eru góðar og allir sem leitað er til eru reiðubúnir til að greiða götu hópsins og fræða hann um sérstöðu viðkomandi staðar, náttúru og menningarlíf og er hópnum einatt veitt fyrirgreiðsla af miklu örlæti. Skal öllum sem að ferðinni komu að þessu sinni þakkað.

Miðvikudaginn 16. maí hélt hópur 39 nema í almennri ferðaleiðsögn af stað í útskriftarferð. Mikil leynd hvíldi yfir ferðaáætluninni en þó fengu menn að vita að ferðin tæki 6 daga og lyki á sama stað og hún hófst. Skyldu menn vera undir allt búnir, skæddir vel og klæddir og hafa meðferðis öll nauðsynleg ferðagögn. Skömmu fyrir brottfarardag gekk út boð um að ferðabyrjun yrði flýtt um hálfu klukkustund. Kom það engum á óvart sem þekkir til fyrirhyggju og nákvæmni leiðsögumannsins Elínar Agnarsdóttur sem kennt hafði hópnum svæðaleiðsögn á vormánuðum og brýnt fyrir honum mikilvægi góðs undirbúnings og

skipulags ferðar. Mættu menn vel og stundvíslega á bifreiðastæði MK þar sem beið hópbifreið tilbúin til brottfarar undir styrkri stjórn Guðbrands Hermannssonar sem innan skamms var orðinn sem einn af hópnum, ökuþór lipur með afbrigðum, viðskotagóður og fróður um land og staðhætti enda víðförull og margförull.

Fljótlega var hulunni svipt af fyrsta áfangastað. Skip Sæferða í Stykkishólmi beið þar við bryggju tilbúið að láta úr höfn með hópinn og fleiri í skoðunarferð um hluta Breiðafjarðareyja um leið og hann kæmi á staðinn. Á leið til Stykkishólms og víðar í för miðluð ýmsir úr hópnum samfarþegum sínum nokkru af því sem lærst hafði hjá Elínu að viðbætti staðarþekkingu frá uppeldisárum, sveitadvöl eða fyrri ferðalögum. Stytti það ferðatímamann sem og skopsögur og orðaleikir Mike's.

Skipisstjórn á Breiðafirði og leiðsögn var í traustum höndum Láru Hrannar Pétursdóttur. Nutum við ferðarinnar í ágætasta veðri og sáum auk óteljandi eyja, mergð sjófugla og einn örn sem kúrði sem fastast á hreiðri sínu. Í fararlok var plægður upp skelfiskur og etinn með hóflegum skammti af hvítu víni. Við endurkomu að bryggju í Stykkishólmi beið okkar Eypór Ben kennari margfróður um sögu, staðhætti og hús bæjarins og miðlaði okkur nokkru af fróðleik sínum.



Fýlar á Breiðafirði

Næsti áfangi þessa dags var akstur um norðanvert Snæfellsnes, suður yfir Fróðárheiði og fyrir Jökul til Hellissands. Á leiðinni var orku safnað á Hellnum hjá Guðrúnu Bergmann, Snæfellsstofa skoðuð og Djúpalónssandur sóttur heim. Fylgdarmaður þessa leið var ekki af verri endandum þar sem var Sæmundur Kristjánsson landvörður á Rífi, kunnur náttúruunnandi með afbrigðum fróður um sögu svæðisins enda fannst varla sú þúfa eða steinn á leiðinni sem hann kundi ekki skil á eða gat rekið sögulega atburði sem þeim tengdust. Urðu menn margs vísari um þennan hluta sögusviðs Landnámu og Eyrbyggju, Snorra goða, Fróðárundrin og kappa þann úr Breiðavík sem var meiri vin húsfréjunnar á Fróðá en bróður hennar goðans á Helgafelli. Lauk Sæmundur góðri leiðsögn með því að leiða þá sem létu norðanvind ekki slökkva fróðleiksþorstann að Írskubúðum, merkum og óútskýrðum mannvirkjum í hrauninu skammt frá Gufuskálum og ræddi margt um tilurð þeirra.

Eftir kvöldverð á Hótel Hellissandi var haldið á svefnstað í þjálfunarbúðum björgunarsveita á Gufuskálum. Varð mönnum vel svefnsamt eftir langan dag einkum þeim 10 er luku honum saman í eina 4ra manna heita pottinum sem virkur var. Það sem skorti á nægan hita og vökva í pottinum var bætt upp með birgðum sem forsjalir höfðu tekið með sér eða aflað í Stykkishólmi.

Næsta dag var ekið austur Snæfellsnes og um Dali. Var Brandur bílstjóri margfróður um það svæði frá uppvexti sínum. Ekið var framhjá mörgum sögustöðum svo sem Snóksdal og Sauðafelli yfir í Laxárdal þar sem Laxdæla var rifjuð upp í áður en haldið var á Laxárdalsheiði yfir í Hrutafjörð. Stoppað var í

Byggðasafninu að Reykjum, hlýtt á fyrirlestur um hákarlaveiðar og hákarlaskipið Ófeigur skoðað ásamt mörgu öðru merkilegu sem gefur að líta á safninu.

Á Laugarbakka í Miðfirði snaraðist kona klædd að hætti víkinga inn í bílinn. Var þar komin Sigrún Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri Grettisbóls í Miðfirði sem kynnti safn um Gretti Ásmundsson sem áformað er að byggja upp þar á staðnum.

Á leið til Þingeyrakirkju var augum rétt skotrað á aftökustað Agnesar og Friðriks en kirkjan á Þingeyrum skoðuð því vendilegar enda djásn mikið. Lögðu ýmsir það á sig að telja störnur þær sem málaðar eru á hvolfinguna og rúðurnar í kirkjugluggunum til að sannreyna að hvort tveggja fyllti rétt þúsund.



Í Þingeyrakirkju

Að kirkjuskoðun lokinni var ekið yfir Ása um Blönduós, Langadal og Vatnsskarð og ferð ekki létt fyrr enn á hlaðinu á Glaumbæ í Skagafirði þar sem systurnar Sigríður og Herdís kynntu staðinn og verkefnið *Matur úr héraði* og fengu ferðalangar að bragða á ýmsum þeim réttum sem á boðstólum eru.

Um nóttina var gíst á Löngumýri í Skagafirði. Þótt hætt sé að kenna þar bændakonuefnum hagnýt hússtjórnarfræði og ala þær upp í góðum siðum heldur þjóðkirkjan enn uppi menningar- og mannúðarstarfsemi á staðnum og nutum við þeirra aðstöðu sem til staðar er. Eftir góðan kvöldverð og kvöldstund með staðarhaldara Gunnari Rögnvaldssyni var mönnum rótt og svefnsamt.

Að loknum morgunverði á Löngumýri næsta dag var haldið heim að Hólum þar sem Guðrún Þóra Gunnarsdóttir deildarstjóri ferðamáladeildar háskólans tók á móti okkur og kynnti skólann og starfsemi hans á sviði

ferðamála og Málfríður Finnbogadóttir sýndi okkur Hóladómkirkju og Auðunnarstofu.

Á Vesturfarasetrinu á Hofsósi kynnti Valgeir Þorvaldsson forstöðumaður og frumkvöðull safnsins það fyrir hópnum sem skoðaði það gaumgæfilega í leita að vesturheimskum ættartengslum. Er safnið lifandi dæmi um hugkvæmni og frumkvæði í ferðamálum sem borið hefur árangur og er til menningarauka.

Frá Hofsósi var ekið beint til Akureyrar. Að loknum hádegisverði þar var höfuðstaður Norðurlands skoðaður undir leiðsögn Haralds Þórs Egilssonar starfsmanns á Minjasafninu og að því loknu haldið lengra austur á bóginn og ekki stoppað fyrr en við Selhótel á Skútustöðum við Mývatn þar sem boðið var upp á kaffi og kökur áður en haldið var í Dimmuborgir og gengið um þær.

Nú þótti tími kominn til að þvo af hópnum ferðarykið. Vegna hitaóþolni tókst það ekki í Grjótagjá en þeim mun betur í Jarðböðunum í Bjarnarflagi þar sem hópnum var boðið í bað. Undu menn sér vel í bláu vatninu sem skv. efnagreiningu er sagt laust við allar lífverur en grunur leikur á að eftir dvöl hópsins kunni einhverjir bjórgerlar að leynast í baðvatninu. Að baði loknu var sest að á Hótel Reynhlíð hjá Pétri Snæbjörnssyni hótelhaldara og hvílst þar að loknum hinum ágætasta kvöldverði.

Að morgni var ekið um Námaskarð og kíkt á Víti og Kröflu. Skall þá á snjókoma sem náði þó ekki að hindra Brand í akstri um um svæðið áður en haldið var áfram í austur og ferð ekki létt fyrr en á Möðrudal á Efra Fjalli. Eftir að alfaraleið fluttist frá bænum á Möðrudal með nýju vegarstæði þjóðvegur nr. 1 og fækkun sauðfjár hafa ábúendur gert átak til að byggja upp nýjan tilverugrundvöll á þessu hæsta byggða bóli landsins. Gisti- og veitingaaðstaða er nú í húsum byggðum í sérstökum og þjóðlegum stíl með torfveggjum og torfpaki og jafnvel eldsneytisælurnar á staðnum eru í slíku húsi. Auk þess er ferðalöngum veitt leiðsögn í göngu- eða veiðiferðum.

Á Jökuldal glöddu hreindýrahjarðir augu ferðalanga á leið þeirra til Egilsstaða þar sem gert var stutt stopp áður en haldið var inn í Fjótsdal. Þar var áð við trjásafnið í Hallormsstaðaskógi þar sem Guðlaugur samnemandi okkar og skógfræðingur fræddi

okkur um svæðið og þann trjágróður sem fyrir augu bar. Á Skriðuklaustri fengum við leiðsögn um Gunnarshús og nutum veitinga.



Veitingahúsið á Möðrudal á Efra Fjalli

Á leið til suðurfjarða Austfjarða var augum gjóað á Álverksmiðjunni á Reyðarfirði úr fjarska en ekið sem hraðast til Stöðvarfjarðar þar sem Steinasafn Petru Sveinsdóttur var sótt heim. Var Petra sjálf mætt á staðinn og bauð hópnum upp á kaffi og meðlæti um leið og safnið var skoðað. Til þakklætis fyrir viðtökurnar hóf Örvar Kristjánsson einn nemendanna í hópnum og lærður einsöngvari upp raust sína og söng Hamraborgina af miklum krafti við góðar undirtektir Petru og aðdáun samnemenda sinna.

Þegar Örvar þagnaði tók Björn Björgvinsson sveitastjóri á Breiðdalsvík við hópnum og veitti honum leiðsögn þangað og lýsti mikilfenglegum fjallahring Breiðdals. Að lokinni skoðun á steinasafni á staðnum var haldið að Staðarborg þar sem kvöldverður var snæddur og gisting höfð.

Að morgni fimmta og næst síðasta ferðardagsins var fyrst gert stutt stopp við flikrbergshamra nærri Gautavík í Berufirði þar sem tekin var hópmynd sú sem fremst er í greinini og síðan var Langabúð á Djúpvaggi skoðuð. Á Höfn í Hornafirði var Jöklasafnið sótt heim og hlýtt á kynningu Guðrúnar safnstjóra, sem einnig bauð gestum upp á smurt brauð. Að skoðun safnsins lokinni var ekið vestur á bóginn og ekki numið staðar fyrr en á fæðingarstað Þórbergs Þórðarsonar á Hala í Suðursveit, þar sem Þorbjörg og Fjölur fræddu okkur um nýopnað Þórbergssetur, safn um Þórberg og lifnaðarhætti í Suðursveit fyrr á tíð.

Var nú haldið að Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi, þar sem hópnum var boðið í siglingu um lónið með fróðlegri leiðsögn og kaldur klaki faðmaður.



Cool!

Áfram var haldið uns komið var í síðasta næturstað ferðarinnar, Hótel Skaftafell í Freysnesi. Var kvöldinu eytt í ágætum fagnaði við gnægð matar og drykkjar sem hindraði þó ekki að menn risu stálslegnir úr rekkju árla morguns og héldu í höfuðstöðvar Þjóðgarðsins í Skaftafelli þar sem Ragnar Þjóðgarðsvörður tók á móti hópnum. Kynnti hann starfseminu og fræddi um staðhætti og sérkenni. Að því loknu skoðuðu menn Skaftafellsstofu, sem lýsir sögu staðarins og jarðfræði með fræðandi og skemmtilegum hætti.

Nú var lagt á Skeiðarársand og rifjaður upp draumur Flosa í Svínafelli og erindi úr áföngum Jóns Helgasonar sem lýsir þeim hughrifum sem eyðisandurinn og jökulvötnin við Lómagnúp skapa í huga ferðalangsins. Að Núpstað var gengið til bænahúss. Undir húsvegg sat Filipus Hannesson í sólskininu og bauð gesti velkomna. Elín tók Filipus tali og skröfuðu þau margt meðan hópurnar naut veðurblíðunnar og sérstæðs umhverfis.



Filipus og Elín skrafa

Á Kirkjubæjarklaustri var hafður stuttur stans á Kirkjugólfinu en síðan haldið til Víkur í Mýrdal. Í Víkurskála tók Guðmundur Elíasson á móti hópnum af höfðingskap og bauð til matar, sem neytt var af bestu lyst áður en haldið var áfram.

Síðasti áfangastaður ferðarinnar voru Skógar undir Eyjafjöllum þar sem Byggðasafnið var heimsótt. Að öðrum slíkum söfnum á landinu ólöstuðum ber safnið að Skógum af. Er það án vafa verk Þórðar Tómassonar safnstjóra frá upphafi og heiðurdoktors við HÍ. Leiddi hann hópinn um safnið og sagði frá gripum þess á þann lifandi hátt sem honum er einum lagið. Lék hann á langspil og stýrði söng í kirkju. Varð af þessu eftirminnileg dvöl og verðugur lokapáttur góðrar ferðar.



Eldhuginn í Skógum messar

Síðla dags 21. maí lauk ferðinni á sama stað og hún hófst. Voru allir fegnir heimkomunni, lúnir eftir ánægjulega daga í hópi sem sameinaðst hafði um að njóta ferðarinnar og félagsskaparins. Að svo vel tókst til er ekki síst að þakka skipulagningu og liðsstjórn Elínar leiðsögumanns og þáttur Brands bílstjóra var til fyrirmyndar.

Indriði H. Þorláksson